

Stefna LÍS um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags

Með þessari stefnu vilja **Landssamtök íslenskra stúdentna (LÍS)** leggja sín lóð á vogarskálarnar í stefnumótun stjórnvalda og einstakra háskóla um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags, bæði heima og að heiman. Til grundvallar stefnu LÍS liggur sú hugmynd að jöfn tækifæri til náms, jafnt innanlands og erlendis, séu mannréttindi og ein af undirstöðum farsæls samfélags. Er það von LÍS að yfirvöld og háskólar leggi þá hugmynd einnig til grundvallar í stefnumótun sinni.

Alþjóðavæðing er drifkraftur frjáls flæðis þekkingar í heiminum. Hana má finna alls staðar í íslenska háskólakerfinu, sama hvort um ræðir; námsefni, kennsluhætti, aðferðafræði, hugmyndir eða orðræðu. Alþjóðavæðingu er einnig að finna í þeim fjölbreyttu einstaklingum og hópum sem saman mynda íslenskt háskólasamfélag. Einn megentilgangur alþjóðavæðingar háskólastarfs er að víkka sjóndeildarhring námsmanna og kennara með því að kynna þá fyrir nýjum hugmyndum, sjónarhornum og kenningum sem þeir myndu annars verða af. Háskólamenntun og alþjóðavæðing haldast þannig hönd í hönd. Ísland er hluti af alþjóðasamfélaginu og því skiptir sköpum að huga vel að því að menntun í íslenskum háskólum beri þess keim í félagslegu og námslegu tilliti. Alþjóðavæðing miðar einnig að því að færa þekkingu, gagnrýna hugsun og skilning námsmanna á hærra stig, bæði hvað varðar hæfni þeirra sem fræðimanna og persónulega stöðu þeirra innan alþjóðasamfélagsins. Því einangraðra sem menntakerfi er frá umheiminum því verr standa námsmenn í tungumálum, menningarläsi, og skilningi á hugsunarhætti og hugmyndum fólks með ólíkan bakgrunn. Með bættum samgöngum og samskiptatækni verður heimurinn sífellt minni og þörfin fyrir slíka hæfni meiri.

Alþjóðavæðing getur líka stuðlað að því að skapa umburðarlyndara samfélag. Íslenskt háskólasamfélag þarf að vera leiðandi á þeim vettvangi og í baráttunni gegn fordómum.

Með því að setja fram stefnu um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags vill LÍS:

Hvetja íslensk menntayfirvöld til að:

- móta stefnu um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags með markmiðum og leiðum til að ná þeim auk öflugrar gagnaöflunar og greiningar. Stefnan verði unnin í nánú samráði við stúdentna.
- setja markmið um að árið 2020 hafi 40% útskrifaðra sótt háskólamenntun að einhverju eða öllu leyti erlendis.
- rýmka lög um dvalar- og atvinnuleyfi til að tryggja að erlendir námsmenn hafi greiðan og jafnan aðgang að háskólamenntun á Íslandi óháð því hvaðan þeir koma og geti stundað hér vinnu í framhaldi af útskrift.
- fjarlægja hindranir og tryggja jafna möguleika fyrir alla íslenska námsmenn sem vilja fara skipti- eða starfsnám, eða taka fulla námsgráðu erlendis. Hlúa þarf sérstaklega að fjármögnun og aðgengi jaðarhópa.
- tryggja fjármögnun til háskóla til að stuðla að þróun alþjóðavæðingar og byggja upp öflugt stuðningsnet og aðgengi að íslenskukennslu fyrir erlenda kennara, námsmenn og fjölskyldur þeirra .

Hvetja íslenska háskóla til að:

- marka sér skýra stefnu um alþjóðavæðingu innan síns skóla og birta árlega yfirlit yfir stöðu mála.
- tryggja aðgengi allra námsmanna að skipti- eða starfsnámi erlendis, s.s. með bættu aðgengi að upplýsingum og styrkjámöguleikum. Huga þarf sérstaklega að stuðningi við og styrkjámöguleikum jaðarhópa.
- stóráuka tækifæri innan ólíkra námsgreina og námsleiða til skipti- eða starfsnáms erlendis, fjölga samstarfssamningum og tryggja að skipti- og starfsnám erlendis sé metið til eininga.
- tryggja að framboð náms, námsefnis og kennsla taki ávallt mið af erlendum, jafnt sem íslenskum, námsmönnum, s.s. með fjölgun námsleiða á ensku og kennara með reynslu erlendis frá.
- styðja kennara og annað starfsfólk háskóla, s.s. náms- og starfsráðgjafa, við að stuðla að alþjóðavæðingu heima fyrir og sækja sér starfsþjálfun eða kennslureynslu erlendis
- sýna samfélagslega ábyrgð í verki með samstarfi við ólíka heimshluta og aðgengi allra að menntun, ekki síst nemenda með sérþarfir, og styðja stúdentafélög í að brúa bil milli íslenskra og erlendra námsmanna.

LÍS
Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013 // haskolanemar.is

